

Efnahagsyfirlit VR er gefið út í tengslum við mánaðarlega stjórnarfundir félagsins. Yfirlitið er samantekt á hagtölum og öðru efni sem tengist vinnumarkaðs- og kjaramálum og er tilgangurinn að upplýsa og fræða launamenn um stöðu þjóðhagsmála hverju sinni.

Efni yfirlitsins að þessu sinni er:

1. Velferð, hamingja og efnahagsleg frammistaða
2. Vinnumarkaður á fyrsta ársfjórðungi 2016 og falið atvinnuleysi
3. Atvinnuleysi erlendra ríkisborgara
4. Kaupmáttarvísitala VR á fyrsta ársfjórðungi 2016
5. Skattbyrði 1990 til 2016
6. Aðfluttir og brottfluttir Íslendingar á fyrsta ársfjórðungi 2016


1. Velferð, hamingja og efnahagsleg frammistaða

Algenzt er að meta efnahagslega frammistöðu landa með því að líta til landsframleiðslu eða þjóðarframleiðslu¹ á hvert mannsbarn. Talað er um uppgang í efnahagslífinu þegar landsframleiðsla eða þjóðarframleiðsla á mann eykst mikið milli ára. Þessar mælingar ná þó ekki utan um marga samfélagslega þætti sem hafa mikið að segja um efnahagslega velferð. Árið 1934 var þjóðarframleiðsla fyrst reiknuð og var það í Bandaríkjunum fyrir tímabilið 1929-1932. Í skýrslu til bandaríska þingsins² í tengslum við þessa útreikninga er meðal annars komið inn á hvað þjóðarframleiðsla nær ekki að mæla. Í lauslegri þýðingu segir: „Ekki er hægt, á fullnægjandi hátt, að mæla efnahagslega velferð án þess að hafa upplýsingar um tekjudreifingu einstaklinga. Sá mælikvarði er ekki til sem skoðar hina hliðina á tekjum þ.e. umfangið og þá fyrirhöfn sem fylgir því að afla teknanna. Velferð þjóðar getur þannig tæpast verið ákvörðuð út frá mælingum á þjóðartekjum [...]“. Þjóðartekjur³ eru enn skilgreindar á sama hátt og farið er í gegnum í skýrslunni og því engin breyting á því hvort hægt sé að nota upplýsingar um þjóðartekjur til að mæla velferð á fullnægjandi hátt.

Hamingja og landsframleiðsla á mann

Hagfræðingum ber ekki saman um hvort hægt sé að mæla hamingju með einhverju móti en til eru margar vísitölur sem reyna að leggja mat á hamingju þjóða. Ein slík er birt í skýrslunni *World Happiness Report*. Í 2015 útgáfu skýrslunnar var Ísland annað hamingjusamasta land í heimi á eftir Sviss, en engu að síður voru 19 lönd með hærri landsframleiðslu á mann en Ísland. Mynd 1⁴ sýnir samband hamingju og landsframleiðslu á mann fyrir 146 lönd. Eftir því sem farið er lengra til hægri á myndinni því hærri er landsframleiðsla á mann. Eftir því sem farið er hærra upp á myndinni því meiri er hamingjan. Þar sem þyrping punktanna fer lengra upp eftir því sem farið er

Mynd 1 – Samband landsframleiðslu á mann og hamingju



Heimildir: World Happiness Report (2015), Penn World Table og útreikningar VR

¹ Landsframleiðsla er virði alls þess sem framleitt er í tilteknu landi, bæði vara og þjónusta, burtséð frá því hvort framleiðslan sé í eigu innlendra eða erlendra aðila. Þjóðarframleiðsla mælir virði allrar vöru og þjónustu sem tiltekin þjóð framleiðir hvort sem það er framleitt innan lands eða erlendis.

² Simon Kuznets, 1934. National Income, 1929–1932". 73rd US Congress, 2d session, Senate document no. 124


³ Þjóðartekjur eru í raun þriðji mælikvarðinn á umfang efnahagsstefnunnar og er nátengdur mælikvarðanum þjóðartekjur.

⁴ Báðir mælikvarðarnir á mynd eru á LN skala (e. natural logarithm).

lengra til hægri má lesa út úr myndinni að eftir því sem landsframleiðsla á mann eykst (farið lengra til hægri) því meiri er hamingjan (farið lengra upp á myndinni). Það er þó ekki sjálfgefið að hamingja aukist með hærri landsframleiðslu á mann. Til að mynda er hamingja álíka há í Mosambík (grænn punktur á mynd) og í Portúgal (rauður punktur á mynd) þrátt fyrir að landsframleiðsla sé um 24-falt (2300%) meiri í Portúgal en í Mósambík. Ef orsakasambengið er frá aukinni landsframleiðslu á mann yfir í aukna hamingju þá má lesa út úr gögnunum á bakvið mynd 1 að ef landsframleiðsla á mann eykst um 1% þá má búast við því að hamingja aukist um 0,14%.

Þá er einnig áhugavert að skoða mismunandi hópa t.d. rík lönd eða fátæk lönd. Sé löndunum sem til skoðunar eru skipt upp í fimm jafn stóra hópa eftir landsframleiðslu á mann þá fæst ekki þetta sterka samband sem sjá má að mynd 1. Til að mynda er sambandið á milli landsframleiðslu og hamingju mjög veikt ef aðeins eru skoðuð 29 ríkustu löndin. Þetta má sjá á mynd 2 en þar er línan nær því að vera flöt en upphallandi sem þýðir að þó landsframleiðsla á mann hækki þá mun hamingja ekki endilega aukast. Þetta má einnig sjá ef skoðaðir eru einhverjir hinna hópanna. Þetta er vísbending um að fleiri þættir en landsframleiðsla á mann séu mikilvægir þegar kemur að hamingju þjóða.

Mynd 2 - Samband landsframleiðslu á mann og hamingju, ríkasti fimmtungur landanna




Heimildir: World Happiness Report (2015), Penn World Table og útreikningar VR

Félagslegar framfarir og landsframleiðsla á mann

Social Progress Index er vísitala sem leggur mat á félagslegar framfarir. Vísitalan byggir gróflega á þremur stoðum. Þessum stoðum má skipta enn frekar niður. Stoðirnar þrjár og undirþættir þeirra eru m.a.:

1. Helstu þarfir manna
 - *Næring og grunn heilbrigðisþjónusta, aðgengi að vatni og hreinlætisaðstöðu, aðgengi að rafmagni og viðráðanlegu húsnæði og persónulegt öryggi.*
2. Mæling á undirstöðu vellíðunar
 - *Aðgengi að menntun, aðgengi að upplýsingum og miðlun (símar og internet), heilsa, vellíðan og sjálfbærni vistkerfa.*
3. Tækifæri
 - *Persónulegur réttur, persónulegt frelsi, umburðarlyndi (t.d. gagnvart samkynhneigðum og innflytjendum) og aðgengi að menntun á hærri stigi.*

Mynd 3 – Samband landsframleiðslu á mann og félagslegra framfara



Heimildir: Social Progress Imperative, Penn World Table og útreikningar VR

Undirþættirnir sem taldir eru upp að ofan eru ekki tæmandi listi. Hver undirþáttur samanstendur svo af enn meiri upplýsingum. Mynd 3 sýnir sambandið á milli vísitölunnar um félagslegar framfarir og landsframleiðslu á mann⁵. Mynd 3 má lesa á sama hátt og mynd 1 þ.e. eftir því sem landsframleiðsla á mann eykst (farið er lengra til hægri á myndinni) því meiri eru efnahagslegu framfarirnar (farið lengra upp á myndinni). Þ.e. eftir því sem land er ríkara, á mælikvarðann landsframleiðsla á mann, því hærri er vísitalan fyrir félagslegar framfarir. Það er þó ekki sjálfgefið að ef landsframleiðsla á mann eykst að þá aukist einnig félagslegar

⁵ Náttúrulegur lógarithmi af landsframleiðslu á mann, PPP, 2011 USD

framfarir. Til að mynda er landsframleiðsla á mann í Írak (rauður punktur á mynd) 18,3-falt hærri en í Malaví (grænn punktur á mynd). Þrátt fyrir það er vísitalan fyrir félagslegar framfarir örlítið hærri í Malaví en fyrir Írak. Þá getur einnig verið að það séu félagslegar framfarir sem þurfi að aukast og í kjölfarið aukist landsframleiðsla á mann.

Hér á þó sama við og hvað snertir mælingu á hamingju. Sé löndunum skipt niður í fimm jafn stóra hópa eftir landsframleiðslu þ.e. fimmti hópurinn eru ríkustu löndin en fyrsti hópurinn er fátækustu löndin, þá fæst mun veikara samband. Sem dæmi þá fæst fyrir ríkustu löndin að ekkert sjáanlegt samband sé á milli landsframleiðslu og mælingu félagslegra framfara. Fyrir fátækari ríkin fæst þó svipað samband og sýnt er á mynd 3.

Niðurstaða

Það er ljóst að landsframleiðsla á mann getur verið ágætis mælikvarði á velmegun þjóða þó hann nái ekki utan um fjölmarga þætti sem snúa að vellíðan og ekki hægt að horfa á hann einan og sér. Með því að taka tillit til fleiri hagvísu en landsframleiðslu á mann þegar fjallað er um velferð má fá skýrari mynd af stöðu viðkomandi efnahagslífs. Ísland er í mjög góðri stöðu og skorar hátt í hamingju og félagslegum framförum. Sé horft á tiltekinn hóp landa, t.d. ríkra, þá virðist sem aukin landsframleiðsla á mann auki hvorki hamingju né það að mælikvarði félagslegra framfara hækki. Það má skýra með því að fyrir fátækari lönd getur aukin landsframleiðsla þýtt mikið bæði fyrir hamingju sem og félagslegar framfarir en þegar tilteknum þröskuldi er náð í landsframleiðslu á mann mun enn hærri landsframleiðsla á mann ekki endilega auka hamingju þjóða. Hagfræðingum sem rannsakað hafa samband hamingju og landsframleiðslu á mann ber þó ekki saman.


2. Vinnumarkaðurinn á fyrsta ársfjórðungi 2016

Batinn á vinnumarkaði hélt áfram á fyrsta ársfjórðungi 2016. Atvinnuleysi mældist 3,2% samanborið við 4,3% á sama tíma í fyrra. Þar sem atvinnuleysi getur lækkað án þess að fólk fái vinnu er mjög gagnlegt að skoða hlutfall starfandi þ.e. fjölda þeirra sem eru í vinnu í hlutfalli við mannfjölda⁶.

Hlutfall starfandi mælist nú 79,2% samanborið við 77,5% á sama tíma í fyrra. Batinn á sér stað hjá öllum aldurshópum. Eini hópurinn þar sem atvinnuleysi jókst frá sama tíma í fyrra eru 25-54 ára karlar en atvinnuleysi mældist 3,2% á fyrsta ársfjórðungi 2016 hjá þeim hópi samanborið við 3,0% á sama tíma í fyrra. Hlutfall starfandi jókst þó hjá körlum á aldrinum 25-54 ára og mældist 91,4% samanborið við 90,3% á sama tíma í fyrra. Það er því enn ekki að sjá að hækkun launa hafi haft neikvæð áhrif á vinnumarkaðinn líkt og haldið var fram að myndi eigi sér stað í kjölfar hækkunar launa.

Mynd 4 – Hlutfall starfandi og atvinnuleysi

Ársfjórðungsgögn frá 1. ársfjórðungi 2003 til 1. ársfjórðungs 2006



Heimild: Hagstofa Íslands og útreikningar VR

⁶ Með mannfjölda er átt við alla á aldersbilinu 16-74 ára.

Falið atvinnuleysi

Líkt og áður hefur verið fjallað um í Efnahagsyfirliti VR er skilgreiningin á atvinnuleysi mjög þröng. Sem dæmi er aðili sem hefur gefist upp á að leita sér að vinnu en er tilbúinn að vinna, ekki talinn atvinnulaus. Mynd 5 sýnir falið atvinnuleysi en það samanstendur af:

- Einstaklingum sem eru tilbúnir að vinna en eru ekki að leita.
- Einstaklingum sem eru að leita en ekki tilbúnir að vinna (innan tveggja vikna).
- Einstaklingum sem eru í hlutastarfi en vilja vinna meira.

Á fyrsta ársfjórðungi 2016 var falið atvinnuleysi 7,7% samanborett við 2,6% atvinnuleysi (sem hlutfall af mannfjölda). Stór hluti þeirra sem falla undir falið atvinnuleysi eru þeir sem virðast hafa gefist upp á að leita að atvinnu en eru engu að síður tilbúnir að vinna. Á fyrsta ársfjórðungi voru þeir sem tilbúnir eru að vinna en hættir að leita 3,4% af mannfjölda og því ljóst að almenni mælikvarðinn á atvinnuleysi uppá 2,6% gefur afar takmarkaðar upplýsingar um stöðuna á vinnumarkaði.

Langtíma atvinnulausum hefur fækkað mjög mikið undanfarin ár sem eru jákvæðar fréttir, en gera þyrfti greiningu á því hversu stór hluti þeirra gafst upp á að leita og telst þar af leiðandi ekki lengur atvinnulaus.


3. Atvinnuleysi erlendra ríkisborgara

Atvinnuleysi var mjög svipað meðal íslenskra og erlendra ríkisborgara árin fyrir hrun en frá júlí 2005 til júní 2008 var atvinnuleysi erlendra ríkisborgara að jafnaði 0,8% en 1,1% að jafnaði meðal íslenskra ríkisborgara. Í hruninu jókst atvinnuleysi mun meira meðal erlendra ríkisborgara en íslenskra líkt og mynd 6 sýnir. Atvinnuleysi, leiðrétt fyrir árstíðarbundnum sveiflum, mældist 2,2% meðal íslenskra ríkisborgara í desember 2015 en 5,5% meðal erlendra ríkisborgara. Þessi þróun hefur leitt til þess að hlutfall erlendra ríkisborgara af heildarfjölda atvinnulausra er nú um 20% en var að jafnaði um 4-5% árin fyrir hrun.

Þá hefur samsetning atvinnulausra erlendra ríkisborgara einnig breyst en fyrir tímabilið 2003 til júní 2008 voru Pólverjar að jafnaði þriðjungur allra erlendra ríkisborgara sem voru atvinnulausir á tímabilinu. Fyrir árið 2015 var hlutfall Pólverja að jafnaði um tveir þriðju.

Mynd 5 – Falið atvinnuleysi


Ársfjórðungsgögn frá 1. ársfjórðungi 2003 til 1. ársfjórðungs 2016



Heimildir: Hagstofa Íslands og útreikningar VR

Mynd 6– Atvinnuleysi íslenskra og erlendra ríkisborgara

Myndin sýni atvinnuleysi eftir að leiðrétt hefur verið fyrir árstíðarbundnum sveiflum.



Heimild: Vinnumálastofnun og útreikningar VR

4. Kaupmáttarvísitala VR á fyrsta ársfjórðungi 2016

Kaupmáttarvísitala VR hækkaði um 11,1% á fyrsta ársfjórðungi 2016 m.v. sama ársfjórðung 2015. Þetta er þriðja mesta árshækkun hækkun vísitölunnar frá 1990. Á fyrsta ársfjórðungi 1998 var hækkunin 11,4% og einnig á öðrum ársfjórðungi 2007.

Kaupmáttarvísitalan á fyrsta ársfjórðungi 2016 er 0,3% hærri en þegar best lét fyrir hrun, þ.e. á fjórða ársfjórðungi 2007. Stór þáttur þessarar miklu hækkunar vísitölunnar undanfarið ár má m.a. rekja til sögulegrar lágrar verðbólgu en einnig mikillar hækkunar launavísitölunnar. Hækkun launavísitölu VR á fyrsta ársfjórðungi var 14% samanborið við sama ársfjórðung 2015. Tekið skal fram að launavísitala VR inniheldur ekki aðeins dagvinnu heldur einnig yfirvinnu sem gæti skýrt hluta hækkunarinnar.


Þó kaupmáttur útborgaðra launa hafi aftur náð fyrri hæðum er langt í land með að kaupmáttur ráðstöfunartekna nái sömu hæðum og 2007. Í marshefti Efnahagsyfirlitsins kom fram að gangi spár eftir mun kaupmáttur ráðstöfunartekna árið 2016 enn vera 8% lægri en hann var þegar best lét þrátt fyrir að kaupmáttur launa hafi þegar náð hæstu hæðum.

Ráðstöfunartekjur eru ekki aðeins launatekjur heldur einnig allar aðrar tekjur viðkomandi að frádregnum sköttum og vaxtagjöldum. Ef skattbyrði og vaxtakostnaður aukast hefur það áhrif á ráðstöfunartekjur. Ef bætur fólks skerðast hefur það einnig áhrif á ráðstöfunartekjur. Þannig eru það aðrir þættir en útborguð laun sem valda því að kaupmáttur ráðstöfunartekna er enn nokkuð lægri en hann var fyrir hrun.


5. Skattbyrði launamanna

Skattbyrði, þ.e. hve stórt hlutfall af launum launamaður greiðir í skatt, hefur aukist þónokkuð frá 1990⁷. Miðað er við meðalheildarlaun úr gagnagrunni VR fyrir hvert ár í útreikningunum hér að neðan. Árið 1990 var skattbyrðin um 16,3% en 28,1% árið 2015. Hluti af þeirri hækkun er sökum þess að persónuafsláttur hefur ekki fylgt verðlagi eða launavísitölu Hagstofunnar. Ef persónuafsláttur hefði fylgt verðlagi frá 1990 hefði skattbyrði meðallauna árið 2015 verið 25,2% í stað 28,1%. Ef persónuafsláttur hefði fylgt launavísitölu Hagstofunnar hefði skattbyrði verið 19,5% árið 2015 í stað 28,1%. Breytingar á tekjuskattskerfi einstaklinga sem tóku gildi árið 2016 munu þó að einhverju leyti koma í veg fyrir áframhaldandi þróun á þyngri skattbyrði. Ef meðalheildarlaun félagsmanna VR standa í stað milli 2015 og

Mynd 7 – Kaupmáttarvísitala VR



Mynd 8 – Skattbyrði launamanna 1990 til 2015



⁷ Til einföldunar er ekki tekið tillit til lífeyrissjóðsiðgjalds en fyrir 1996 greiddu launamenn ekkert slíkt gjald en greiða í dag 4%. Ef tekið er tillit til þessa gjalds mun það bjaga útreikninga á skattbyrði einstaklinga.


2016 mun skattbyrði lækka úr 28,1% niður í 27,2%⁸. Sé gert ráð fyrir 5% hækkun meðalheildarlauna milli 2015 og 2016 mun skattbyrði engu að síður lækka og mælast 27,8%. Mynd 8 sýnir þróun skattbyrðis meðallauna ásamt því hver skattbyrðin hefði verið ef persónuafsláttur hefði haldið í við verðlag annars vegar og launavísitölu Hagstofu hins vegar.

6. Brottflutningur íslenskra ríkisborgara

Á fyrsta ársfjórðungi 2016 fluttu 710 íslenskir ríkisborgarar frá landinu en 600 fluttu til landsins. Þannig var nettó brottflutningur 110 sem er nokkuð minna en á sama tíma í fyrra þegar brottfluttir umfram aðflutta voru 370. Líkt og fjallað var um í febrúarhefti Efnahagsyfirlitsins hefur brottflutningur íslenskra ríkisborgara aldrei verið meiri á tímum sem ekki teljast til kreppuára.

Mynd 9 sýnir fjölda aðfluttra og brottfluttra íslenskra ríkisborgara frá fyrsta ársfjórðungi 2010. Gula línan sýnir svo mismuninn. Mismunurinn á aðfluttum og brottfluttum sýnir að eftir hrun hefur brottflutningur nær alltaf verið meiri en aðfluttningur. Þetta hefur vakið nokkra furðu hagfræðinga enda mikil uppsveifla hér á landi seinustu 1-2 árin og skortur orðinn á vinnuafli. Sé mynd 9 skoðuð má greina smávægilega aukningu á aðfluttum á fyrsta ársfjórðungi 2016. Búast má við viðsnúningi á næstunni í ljósi hægagangs erlendis en lágt olíuverð hefur m.a. komið illa niður á Norðmönnum og atvinnuleysi þar hefur aukist mikið og mældist 4,6% í febrúar 2016 sem er það hæsta í um 10 ár þar í landi. Enn er þó lítið um aukin atvinnutækifæri háskólamenntarða einstaklinga en uppgangur í ferðaþjónustunni skilar sér ekki í fjölgun starfa fyrir þann hóp. Brottflutningur háskólamenntaðs fólks gæti þannig dregið úr áhrifum aðflutnings þeirra sem hafa menntun sem eftirspurn er eftir á Íslandi í dag.

Mynd 9 – Aðfluttir og brottfluttir íslenskir ríkisborgarar



Efnahagsyfirlit VR er unnið af starfsmönnum VR. Umfjöllunin byggir á upplýsingum frá innlendum og erlendum gagna- og upplýsingaveitum sem og úr gagnagrunni VR. Efnahagsyfirlit VR er birt í upplýsingaskyni og skal ekki líta á það sem ráðgjöf á neinn hátt.

⁸ Forsendan um óbreytt laun er vitaskuld mjög óraunhæf en sýnir þó hrein áhrif á skattbyrði af breytingunum sem tóku gildi í upphafi árs 2016